

M-84/2012 Álit 14. janúar 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-84/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. október sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreiðinni xx-000, sem hún keypti af Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 8. nóvember sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar beiðni þína um álit vegna viðskipta við Y.

Kæruneftndin telur að álitsbeiðni þína skorti gögn til þess að nefndin geti komist að niðurstöðu í máli þínu en í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við þetta er því óskað eftir eftirfarandi gögnum og upplýsingum frá þér vegna umræddra kaupa:

1. Kaupsamningi og afsali eða öðrum kvittunum fyrir kaupunum á bifreiðinni.
2. Nánari lýsingu á atvikum máls og þeim göllum sem þú telur vera á bifreiðinni.
3. Nánari lýsingu á þeim kröfum sem þú gerir í málinu.
4. Hver önnur þau gögn eða upplýsingar sem þú kannt að hafa undir höndum og gætu varpað frekara ljósi á mál þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til mánudagsins 19. nóvember.

Berist gögnin ekki fyrir þann tíma má búast við því að kæruneftndin vísi álitsbeiðni þinni frá sér samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beiðid var um í bréfi nefndarinnar frá 8. nóvember sl.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir